

64. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 10. apríl 2018 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Kristín Hálfðánsdóttir aðalmaður og Jóna Símonía Bjarnadóttir varamaður.

Embættismenn:

Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Sorpmál 2018 - eftirlit GV - 2018010004

Umræður um upplýsingabækling frá Gámaþjónustu Vestfjarða.

Rætt um upplýsingabækling frá Gámaþjónustu Vestfjarða sem er væntanlegur í dreifingu á næstunni. Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til að verkinu verði hraðað eins og kostur er.

2. Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2010120030

Fundur Ísafjarðarbæjar og lögreglustjóra varðandi vistgötur innanbæjar og annað tengt umferðaröryggi.

Ralf Trylla umhverfisfulltrúi ræddi um fund sinn með lögreglustjóra. Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur honum að vinna málið áfram með það að markmiði að gera þröngar íbúðargötur í neðri bæ Ísafjarðar að vistgötum.

3. Dynjandi - skipulag o.fl. - 2016040074

Lagðir fram tölvupóstar dags. 21.3.2018 og 28.3.2018 frá Eddu Kristínu Eiríksdóttur, sérfræðingi Umhverfisstofnunar, um Dynjanda og stöðu framkvæmda vegna aukins álags.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd lýsir yfir óánægju með seinagang í nauðsynlegum framkvæmdum á Dynjanda og varar sterklega við frekari töfum sem geta orðið til að valda miklu tjóni á þessu ómetanlega svæði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Kristín Hálfðánsdóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Hálfðán Bjarki Hálfðánsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson